



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

10. MARS 2015

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ FORMANNI	1
RÆKTUN 2015	1
UNGFOLA-SÝNING	1
AÐALFUNDUR HS	1
KYNBÓTA-SÝNINGAR 2015	2
BREYTINGAR Á 2 REGLUM VARÐANDI KYNBÓTA-SÝNINGAR	2

FRÁ FORMANNI

Ágætu félagar.

Sól hækkar á lofti og vorið nálgast með tilheyrandi bjartsýni og væntingum.

Reiðhús sem eru orðin víða til sanna betur og betur tilverurétt sinn með hverri lægðinni sem yfir okkur kemur og væri erfitt að hugsa sér hestamenskuna án þeirra í dag. Það er víðar vor sem sést best á þeim samhljómi sem er farinn að heyrast í félagsstarfi hestamenskunar eftir átökin í haust.

Er það fagnaðarefni og gefur fyrirheit um aukna samvinnu og skilvirkara starf í þágu greinarinnar í heild sinni.



Kynbótastarfið er okkur flestum hugleikið. Í kynbótadómi er áriðandi að horfa til gæða í gangtegundum, s.s. gangskilum, mýkt og fimi. Að auki hlýtur það að vera áhyggjuefni í kynbótastarfinu hversu stíft forval er orðið hjá ræktendum á kynbótasýningar. Sérstaklega í ljósi þess að kynbótamatið stýrir æðstu verðlaunastigum í hrossaræktinni.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur ráðið Porvald Kristjánsson í stöðu yfirmanns hrossaræktarsviðs og fyllt þar skarð Guðlaugs Antonssonar sem var í leyfi undangengið ár. Gríðarlega mikilvægt er að til þessa starfs hefur valist aðili sem getur leitt kynbótastarfið bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Við bjóðum Porvald velkominn til starfa og væntum mikils af honum á komandi árum.

Með bestu kveðju,

Sigríkur Jónsson, formaður HS

STÓRSÝNING RÆKTUN 2015

Stórsýningin Ræktun 2015 verður haldin í Fákaseli 25. apríl. Sýningarstjóri verður Guðmar Þór Pétursson. Þeim sem hafa áhuga á að taka þátt er bent á að hafa samband við sýningarstjóra. Nánar auglýst síðar.

UNGFOLASÝNING 2015

Ungfolasýning verður haldin í samfloti við Ræktun 2015. Nánar auglýst síðar.

AÐALFUNDUR HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn **miðvikudaginn 18. mars 2015 kl. 20.00** í Hliðskjálfi, félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi.

Dagskrá:	1. Fundarsetning og skipun starfsmanna fundarins
	2. Skýrsla stjórnar, <i>Sigríkur Jónsson</i>
	3. Ársreikningur, <i>María Þórarinsdóttir</i>
	4. Kosningar
	5. Önnur mál Kaffihlé
	6. Hrossarækt. Framtíðarsýn og afkoma Bjarni Þorkelsson, Póroddsstöðum Helgi Jón Harðarson, Ragnheiðarstöðum

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

KYNBÓTASÝNINGAR 2015

Sýningaáætlun fyrir sumarið 2015 hefur verið birt á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins www.rml.is. Fer hún hér á eftir:

18.5 - 22.5 Hafnarfjörður

18.5 - 22.5 Blönduós

26.5 - 29.5 Kjóavellir

26.5 - 29.5 Skagafjörður

27.5 - 29.5 Fljótshálsa

01.6 - 05.6 Borgarfjörður

01.6 - 12.6 Gaddstaðaflatir

08.6 - 12.6 Eyjafjörður

08.6 - 12.6 Víðidalur, Rvík.

02.7 - 05.7 Fjórðungsmót á Austurlandi

20.7 -24.7

Miðsumarsýning Suðurlandi

27.7 -29.7

Miðsumarsýning Eyjafjörður

17.8 -21.8

Síðsumarsýning Borgarfjörður

17.8 -21.8

Síðsumarsýning Gaddstaðaflatir

17.8 -21.8

Síðsumarsýning Skagafjörður

Alltaf geta orðið einhverjar breytingar á þessari sýningaáætlun því þátttaka er aldrei ljós fyrir en nokkrum dögum fyrir sýningu. Allar skráningar munu fara fram rafrænt eins og undanfarin tvö ár. Opnað verður á skráningar á vorsýningar í apríl. Skráning og greiðsla fer fram í gegnum netið á síðunni www.worldfengur.com þar sem valið er „skrá hross á kynbótasýningu“. Einnig er hægt að fara inn á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins www.rml.is en þar er valmynd á forsiðunni „skrá á kynbótasýningu“.

BREYTINGAR Á REGLUM VARÐANDI KYNBÓTASÝNINGAR

DNA-sýni

Nú í vor verður þess krafist að búið verði að taka DNA-sýni, til ætternisgreiningar, úr öllum hryssum sem mæta til kynbótadóms. Þessi ákvörðun var tekin á fagráðsfundi 9. janúar síðast liðinn. Í fyrstu verður einungis gerð krafa um að búið sé að taka stroksýnið og að það hafi verið skráð í WF. Niðurstöður úr greiningu þurfa ekki að liggja fyrir. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) býður upp á stroksýnatökur og er hægt að panta sýnatöku hjá eftirtöldum aðilum:

Höllu Eygló Sveinsdóttur, sími 516-5024 eða á netfangið halla@rml.is

Pétur Halldórsson, sími 487-1513/ 862-9322 eða á netfangið petur@rml.is

Steinunn Anna Halldórsdóttir, sími 516-5045 eða á netfangið sah@rml.is

Upplýsingar er einnig hægt að fá í síma 516-5000 eða á netfangið rml@rml.is

Varðandi stóðhestana er engin breyting frá því sem verið hefur. Ef einhverjir eru ekki með það á hreinu hvaða kröfur eru gerðar varðandi þá er rétt að rifja það upp:

- Allir stóðhestar þurfa að vera DNA-greindir og hafa sönnun á ætterni.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að hafa verið tekið blóðsýni og það skráð í WF. Ekki er nóg að taka stroksýni. Blóðsýni eru geymd en stroksýnum er hent um leið og þau hafa verið greind. Margir fara þá leið að láta dýralækni taka blóðsýni sem síðan er tekið sýni úr til að DNA-greina.
- Röntgenmynda skal hækiliði allra stóðhesta sem náð hafa fimm vetra aldri. Niðurstöður þurfa að liggja fyrir í WorldFeng áður en hesturinn er skráður á sýningu. Heimilt er að taka myndina á því ári sem hesturinn nær 5 vetra aldri.

Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar. Á heimasíðu RML www.rml.is er að finna ýmsan fróðleik varðandi DNA-sýnatökur, kynbótasýningar og hrossarækt.

Járningar

- Hross sem sýnd eru í reið skulu vera járnúð. Járningin skal vera vönduð sem kostur er, eðlilegt samræmi sé milli tálgunar fram og afturhófa og hófhalli samsvari halla kjúkunnar.
- Hófar mega ekki vera lengri en 8,5 cm mælist hrossið lægra en 137 cm á stöng á hæsta herðar. Sé hrossið 137 cm en þó lægra en 145 cm á hæstar herðar má hóflengdin vera allt að 9,0 cm og ef hæðin er 145 cm eða meira má hóflengdin vera allt að 9,5 cm. Ekki má muna meiru en 1,5 cm á lengd fram- og afturhófa.
- Hámarksþykkt skeifna er 8 mm og hámarksbreidd 23 mm og skal sama breidd vera á fram- og afturfótarskeifum. Skeifurnar skulu vera samstæðar og úr samskonar efni. Efni skeifnanna hafi ekki meiri eðlisþyngd en hefðbundið skeifnajárn. Skeifurnar séu af hæfilegri stærð miðað við hófa og ekki má muna meiru í þykkt en 2 mm á fram- og afturfótarskeifum.
- Leyfilegt er að nota skafli, tvo í hverja skeifu, en þeir séu þá að hámarki (lengd*breidd*hæð) 15mm*15mm*12mm.
- Afbrigðileg járnung, s.s. uppsteyptir hófar, er óheimil. Pottun skeifna er óheimil.

Beislabúnaður

Fulltrúaðing FEIF hefur sett skáreim og mexíkanskan múl með stöngum á bannlista, bæði í sporti og kynbótasýningum. Bannið gildir líka yfir kynbótasýningar hér á landi. Þetta var samþykkt bæði í sportnefnd og ræktunarnefnd FEIF. Ennfremur samþykktu nefndirnar að banna íslenskar stangir með tunguboga og eru þær því komnar á bannlista bæði í sporti og kynbótasýningum.